

Ed.

855. Nefndarálit

[320. mál]

um frv. til l. um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð.

Frá menntamálanefnd.

Það er samdóma álit nefndarinnar að hér sé um gagnmerka löggjöf að ræða sem orðið geti til eflingar vísinda- og rannsóknastarfsemi í landinu.

Frumvarpið var sent allmörgum aðilum til umsagnar og Vilhjálmur Lúðvíksson, framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins, Sigmundur Guðbjarnason, rektor Háskóla Íslands, og Valdimar Kr. Jónsson, forseti verkfræðideildar Háskólans, komu á fund nefndarinnar. Skýrðu þeir margt í frumvarpinu.

Í umsögnum um frumvarpið koma fram ýmsar athugasemdir þótt flestum þyki sem frumvarpið miði í rétta átt og verði til að efla vísindi og rannsóknir.

Enda þótt nefndarmenn séu ekki sammála um öll atriði frumvarpsins telja þeir nauðsynlegt að málið nái fram að ganga á þessu þingi og mæla með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum sem tillögur eru fluttar um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 11. mars 1987.

Haraldur Ólafsson,
form., frsm.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir,
fundaskr.

Ragnar Arnalds.

Árni Johnsen.

Ey. Kon. Jónsson.

Eiður Guðnason.

Salome Þorkelsdóttir.